



Teikningar

Rauðsokkahreyfingarinnar

SÝNING Í ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU - OPNUÐ 7.9. 2023

**Kvennaárið
hafið**

Ranníð er upp Kvennaár Sameinuðu þjóðanna 1975 til baráttu fyrir jafnrétti og bættum kjörum kvenna um víða veröld, ekki síst í þróunarlöndunum. Og eftir að þjóðhátíðarar íslenskra karlmannna hafði verið brennt út teiknabi Hildur.Hakonardóttir vefuri í tilefni filmamótanna myndina hér að ofan, sem hún kallar „Sá eldur verður ekki slökktur“.

Teikningar og grafík prýða málgögn Rauðsokkahreyfingarinnar (1970—1982). Þessar myndir voru notaðar til vitundarvakningar, til að fylkja liði, til þess að blása lífi í áður óheyrðar sögur og málefni sem gat reynt erfitt að ræða um eða skilja, jafnt sem að teikningarnar voru til þess að skemmta og hæðast að þeim mótbárum sem hreyfingin mætti. Teikningarnar, meira að segja þær skoplegustu, eru beittar, áriðandi og óskammfeilnar, og bera með sér þessa einstöku orku sem umvafði hreyfinguna. Þær tala beint inn í myndnotkun og myndmál annarra kvennahreyfinga á þessum tíma og tengja sig þannig við alþjóðlegan umræðugrundvöll óháð tungumáli. Skarpar línur, fígúrirur og rauði liturinn tóku virkan þátt í að lyfta því grettistaki sem Rauðsokkur ruddu úr vegi. Teikningarnar sem eru hér til sýnis eru fengnar úr tímariti þeirra *Forvitin rauð*, úr *Þjóðviljanum* og úr safnkosti Kvennasögusafnsins sem sá um að leiðbeina í þessu verkefni sem unnið var í samstarfi við Íslenska teiknisetrið og styrkt af Rannís, Nýsköpunarsjóði námsmanna.



FORVITIN RAUÐ

I. MAI 1973



KVENNASÖGUSAFN
ÍSLANDS



icelandic
Drawing
Center



Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Texti: Karólína Rós Ólafsdóttir og Boaz Yosef Friedman